



**Ávarp  
forseta Íslands  
við opnun  
Saltfiskseturs Íslands í Grindavík  
7. september 2002**

Ágætu Grindvíkingar  
og aðrir hátíðargestir

Saltfiskur og íslenskt þjóðlíf; saltfiskur og saga byggðar; saltfiskur og barátta alþýðunnar fyrir daglegu brauði; saltfiskur og framþróun atvinnulífs og uppgangur fyrirtækja, erfiðleikar á erlendum mörkuðum, heimskreppan og átökin um Spánarvínin; saltfiskur og sjálfstæðisbarátta fátækrar þjóðar, athafnamenn sem létu að sér kveða, konur og börn að breiða fiskinn út um tún og klappir; gæðavara sem bar orðstír Íslands víða um heim; herraþráttur við suðræn höf; hátíð í húsi og það besta sem gestum var boðið en hér heima soðinn í potti og mörflot á disk; saltfiskurinn undirstaða gjaldeyrisöflunar í nokkrar aldir, drjúgur tekjuauki í byggðum landsins, bjargræði þegar hart var í ári á fyrri tímum og á tækniöld í öndvegi hjá gæðakokkum.

Já, saltfiskur í lífi þjóðar, í vitund okkar og sjálfsskilningi, Salka Valka úti á reitum, stolt og glöð að verka fiskinn en veit að sóknin á sjóinn getur kostað lífið; lítið þorp harmi slegið þegar fréttin berst um að bátur hafi farist, en áfram skal haldið og þorskurinn sóttur næsta dag.

Hvernig getur saga þjóðar rúmast svona vel í einum fiski? Hvernig varð saltfiskurinn svo trúverðugt tákni? – samnefnari alls þess sem íslenskt er, skreytti áður fyrr skjaldarmerki okkar þjóðar og nokkur synd að hann skyldi ekki áfram tróna þar fyrir miðju.

Hvernig má það vera að hann sé enn að færa okkur ærinn auð, að þrátt fyrir alþjóðatækni og umrótið í heimsviðskiptunum standi saltfiskurinn enn fyrir sínu, burðarás í útflutningi, keppikefli kaupmanna á Ítalíu, Spáni og Portúgal?

Hvaða önnur vara getur dregið alla bæjarbúa út á torgið rétt utan við Napolí, fengið þá til að syngja og dansa, hrópa húrra og elta heila lúðrasveit í einskærum fögnuði yfir að fá nú ásamt forseta Íslands að

heiðra blessaðan saltfiskinn sem sama ættin hefur selt í meira en hundrað ár í versluninni við kirkjuhornið?

Við getum haldið áfram í allan dag og jafnvel langt fram í næstu viku og kannski mánuðum saman að segja hvort öðru sögur af saltfisknum, reyna að skilja ráðgátuna um þann sérstaka sess sem hann hefur hlotið, íslenskari en flest annað en jafnframt heimsborgari á markaðstorgi.

Það er ekki heiglum hent að hefjast handa um slíkan söguflutning en Grindvíkingar hafa heldur aldrei verið neinir meðalmenn. Hér hefur lífsbarátta verið hörð og fast sóttur sjórinn í öllum veðrum. Hér reis blómleg byggð fyrir opnu hafi og samstaðan hefur löngum lyft grettistaki.

Grindavík er kjörstaður meðal íslenskra sjávarbyggða. Hér hafa sjómenn og fiskvinnslufólk kappkostað að skapa sér og sínum betri kost og veita æskunni úrvalsaðstæður til náms og leikja, íþróttakempur löngum landsfrægar í meistaraflokkum.

Grindavík hefur verið kjörinn vettvangur margra athafnamanna sem helgað hafa byggðarlaginu krafta sína og gert fyrirtækin svo atkvæðamikil að vakið hefur athygli alþjóðar. Héðan komu í röskan aldarfjórðung formenn sölusamtaka saltfiskverkenda og það er því við hæfi á þessum degi að þakka Tómasi Þorvaldssyni og Dagbjarti Einarssyni fyrir farsæla forystu þeirra á vettvangi íslensks sjávarútvegs. Þessir þjóðþekktu Grindvíkingar voru um langan aldur oddvitar saltfiskframleiðenda, valdir af félögum sínum til að gegna æðsta trúnaði og annast þá hagsmunagæslu sem mest var um vert.

Já, Grindavík og saltfiskurinn hafa löngum átt samleið og sjálfsagt hefði frekar lítið orðið úr þessu plássi ef þorskurinn hefði ekki verið settur í salt. Grindavík er á þennan hátt fulltrúi byggðanna um landið allt, vettvangur sögu sem er svo nátengd Íslandi öllu.

Það lýsir vel framfarahug Grindvíkinga og hollustu ykkar við fyrri tíma, hugkvæmni og staðföstum vilja til að láta að sér kveða að Grindvíkingar skuli hafa tekið forystu um að koma upp Saltfisksetri, safni og sýningarskála, fræðslustofnun og menningarmiðstöð.

Saltfisksetur Íslands í Grindavík er hið formlega heiti og einstaklega vel til fundið því saltfiskurinn, Ísland og Grindavík eru lykilorð í langri sögu, sögu sem við þekkjum flest af eigin reynslu og sögu sem er svo sannarlega enn í smíðum.

Saltfisksetrið í Grindavík er einstök viðbót við safnahús okkar Íslendinga, eins konar grindvískt þjóðminjasafn þar sem kjarnanum er komið til skila á sérstaklega hugkvæman hátt.

Ég færi ykkur öllum sem hér hafa komið að frábæru verki einlægar þakkir Íslendinga, þakka frumkvöðlum sem tengdu saman hugmynd og framkvæmdavilja, þakka fyrirtækjunum sem tóku þátt í stofnsetningu, þakka bæjarstjórn, hönnuði og handverksmönnum, þakka umfram allt Grindvíkingum fyrir að færa þjóðinni enn á ný kæra gjöf.

Grindvíkingar voru í fararbroddi þegar Bláa lónið varð að veruleika og vísuðu þannig veginn í þróun ferðapjónustu á nýrri öld. Grindvíkingar sýna nú hvernig þjóðlegur arfur og atvinnusaga geta orðið að menningarsetri í sjávarbyggð, hvernig þjóðminjar geta skapað bæjarbúum tækifæri til nýrrar sóknar.

Saltfisksetur Íslands í Grindavík er þjóðminjasafn og menningarstofnun og um alla framtíð mun það veita ungum og öldnum aukinn skilning á hvað felst í því að vera Íslendingur.

Þjóðin þakkar ykkar Grindvíkingum fyrir þessa góðu gjöf og með heillaóskum og í þeim anda göngum við nú til þess verks að opna Saltfisksetur Íslendinga í Grindavík.